

En hvað við getum verið þakklát fyrir hann Eirík 🙌

Anton Karl Ingason
Háskóli Íslands

Einar Freyr Sigurðsson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Málþing til heiðurs Eiríki Rögnvaldssyni
1. júní 2022

?*Mjög held ég að hún sé gáfuð

- Eiríkur Rögnvaldsson (1982:aftmgr. 11, bls. 218–219) veltir fyrir sér dæmi (1) í kándíatsritgerð sinni — Zaenen (1980:183) hafði sagt það vera ótækt.

(1) Óvenjulega held ég að hún sé gáfuð.

- Eiríkur segir aftur á móti (feitletur okkar):

„Mér finnst þessi setning nokkurn veginn í lagi [...] En ekki eru allar slíkar setningar jafn góðar, og virðist **merking** atviksorðanna (þ.e. **hve sterk** hún er) og e.t.v. einnig **lengd** þeirra skipta máli“.

?*Mjög held ég að hún sé gáfuð

- Eiríkur Rögnvaldsson (1982:aftmgr. 11, bls. 218–219) veltir fyrir sér dæmi (1) í kándíatsritgerð sinni — Zaenen (1980:183) hafði sagt það vera ótækt.

(1) Óvenjulega held ég að hún sé gáfuð.

- Eiríkur segir aftur á móti (feitletur okkar):

„Mér finnst þessi setning nokkurn veginn í lagi [...] En ekki eru allar slíkar setningar jafn góðar, og virðist **merking** atviksorðanna (þ.e. **hve sterk** hún er) og e.t.v. einnig **lengd** þeirra skipta máli“.

- Hér bendir hann á dæmi (2) máli sínu til stuðnings:

(2) ?*Mjög held ég að hún sé gáfuð.

Mikið er það sorglegt

- Í afmælisriti Höskuldar Práinssonar frá 1996 heldur Eiríkur áfram með þessar vangaveltur (bls. 14):

Mikið er það sorglegt

- Í afmælisriti Höskuldar Práinssonar frá 1996 heldur Eiríkur áfram með þessar vangaveltur (bls. 14):
„Málið er þó snúnara en þetta, eins og ég áttaði mig á um daginn þegar ég var einu sinni sem oftast að hlusta á *Dýrin í Hálsaskógi* [...] Þegar Lilli klifurmús hefur sloppið naumlega undan Mikka ref með því að stökkva upp í næsta tré byrjar hann strax að hæða rebba og segir:
[(3)] Mikið er það sorglegt að refir skuli ekki geta klifrað í trjám.“

Mikið er það sorglegt

- Eiríkur sýnir líka dæmi (4):

(4) Mikið held ég að þær séu góðar!

- Hann bendir á líkindi við setningar eins og ?**Mjög held ég að hún sé gáfuð* og bendir jafnframt á að *mikið* „er hvorki langt né sterkt að merkingu, og svipar að því leyti til *mjög*“ (bls. 15).

*Það er mikið sorglegt

- Eiríkur ræðir enn fremur (5) og (6) sem hann telur ótæk (bls. 15; feitletur okkar):

(5) *Það er **mikið sorglegt** að refir skuli ekki geta klifrað í trjám.

(6) *Ég held að þær séu **mikið góðar**.

- Hvernig má skýra þessa dreifingu?

Mikið er það sorglegt

- Þetta gætu verið „tvær sjálfstæðar setningagerðir, hvorug leidd af annarri. Móti þessu mælir þó það að oftast nær eru báðar gerðirnar tækar, og merkingarmunurinn er enginn“ (bls. 15).

Mikið er það sorglegt

■ Eiríkur (bls. 16; feitletur okkar):

„Þess vegna finnst mér annar möguleiki mun fýsilegri; sem sé að skýringin liggi í **orðasafninu**, en ekki setningafræðinni. Ég á við að orðmyndirnar *mjög* og *mikið* tilheyri í raun **sama lexemi**, og standi í **fyllidreifingu** í þessari setningagerð, þannig að *mjög* komi fyrir við hlið lýsingarorðsins en þegar atviksorðið er fært fremst verði að nota myndina *mikið*.

Mikið er það sorglegt

■ Eiríkur (bls. 16; feitletur okkar):

„Þess vegna finnst mér annar möguleiki mun fýsilegri; sem sé að skýringin liggi í **orðasafninu**, en ekki setningafræðinni. Ég á við að orðmyndirnar *mjög* og *mikið* tilheyri í raun **sama lexemi**, og standi í **fyllidreifingu** í þessari setningagerð, þannig að *mjög* komi fyrir við hlið lýsingarorðsins en þegar atviksorðið er fært fremst verði að nota myndina *mikið*. Það er auðvitað ljóst að nán tengsl eru milli þessara orðmynda. Merkingin er u.þ.b. sú sama [...] en morfólógísk tengsl eru líka fyrir hendi, eins og glögggt kemur fram í stigbreytingu orðanna.“

Mikið er það sorglegt

- Við ætlum að skoða þessa tilgátu Eiríks og athuga hvort gögn úr Risamálheildinni komi heim og saman við málkerfi hans.
- Við berum mynstrið einnig saman við *hvað* andspænis *hve/hversu*.
- Við reynum að útfæra tilgátuna nánar.

Risamálheildin

Setningagerð	Fjöldi dæma
 mikið er það sorglegt	219
 mjög er það sorglegt	34

Risamálheildin

Setningagerð	Fjöldi dæma
👍 mikið er það sorglegt	219
🤔 mjög er það sorglegt	34
🤔 mikið sorglegt	2.557
👍 mjög sorglegt	150.119

Risamálheildin

- Hvaða ályktanir getum við dregið af niðurstöðunum?
- Finnum við svipað mynstur víðar?

Risamálheildin

- Hvaða ályktanir getum við dregið af niðurstöðunum?
 - Finnum við svipað mynstur víðar?
- (7) En **hvað** við getum verið **þakklát** fyrir hann Eirík.

Dreifing *hvað* og *hve/hversu*

- Höskuldur Þráinsson (2005:134):

(8) [Hve gamall] ertu?

- Höskuldur nefnir að hægt sé að færa *hvað* „eitt sér út úr slíkum lið og skilja afganginn eftir“ (bls. 134) (sbr. einnig Sigríði Sigurjónsdóttur 2008 og Jóhannes Gísli Jónsson 2010).

- Það gangi þó ekki með *hve* og *hversu*:

- (9) a. Hvað ertu [__ gamall]?
b. *Hve ertu [__ gamall]?

Dreifing *hvað* og *hve/hversu*

- Höskuldur Þráinsson (2005:134):

(8) [Hve gamall] ertu?

- Höskuldur nefnir að hægt sé að færa *hvað* „eitt sér út úr slíkum lið og skilja afganginn eftir“ (bls. 134) (sbr. einnig Sigríði Sigurjónsdóttur 2008 og Jóhannes Gísli Jónsson 2010).

- Það gangi þó ekki með *hve* og *hversu*:

(9) a. Hvað ertu [__ gamall]?

b. *Hve ertu [__ gamall]?

- „Þetta minnir óneitanlega á færslu áhersluorða eins og *ofsalega*, *æðislega*“ (bls. 134).

Dreifing *hvað* og *hve/hversu*

- En hvað um *hvað* sem er ekki fært?

Dreifing *hvað* og *hve/hversu*

- En hvað um *hvað* sem er ekki fært?
- Okkur þykir eftirfarandi dæmi a.m.k. ekkert sérlega gott:

(10) 🤔 [Hvað gamall] ertu?

- Eru *hve/hversu* og *hvað* kannski í eins dreifingu og *mjög* og *mikið*?

Dreifing hvað og hve/hversu

Setningagerð	Fjöldi dæma
👍 hvað er langt	379
🙄 hve/hversu er langt	4

Dreifing hvað og hve/hversu

Setningagerð	Fjöldi dæma
👍 hvað er langt	379
😞 hve/hversu er langt	4
😞 hvað langt	313
👍 hve/hversu langt	12.305

Útfærsla á hugmynd Eiríks

- Skv. hugmynd Eiríks tilheyra *mjög* og *mikið* sama lexemi (lesi) og standa í fyllidreifingu í setningagerðinni.
 - *Mjög* kemur fyrir við hlið lýsingarorðs en *mikið* notað þegar orðið er fært fremst.

Útfærsla á hugmynd Eiríks

- Hvernig tiltekið morfem er tilvistað (e. *realized*) er ferli í orðhlutafræðihluta afleiðslunnar.
- Möguleg greining er að /mik(il)/ og /mjög/ tilvisti sama morfemið AO [+MIKILL] þar sem hljóðfulltrúinn *mjög* er valinn þegar morfemið er samlímt lýsingarorði.

AO [+MIKILL] ↔ /mjög/ / $_ \frown$ LO

AO [+MIKILL] ↔ /mik(il)/

- Þetta er ekki fullnægjandi greining því að taka þarf tillit til fleiri atriða — en gæti þó verið hluti fullburða greiningar.

Útfærsla á hugmynd Eiríks

- Í greiningu skiptir máli hvaða form er ómarkað, /mjög/ eða /mik(il)/.
- Dreifing mjög virðist nokkuð takmörkuð en mik(il)- kemur fram í fjölbreyttara samhengi.
 - Atviksorðið *mikið*
 - *miklu betra* (ekki **mjög betra*)
 - Lýsingarorðsnotkun, *mikill*, *mikil*, *mikið*
 - Sögnin *mikla* (*eitthvað fyrir sér*)
 - Samsetningar, *mikilvægt*
- Bendir e.t.v. til þess að hljóðfulltrúinn /mjög/ sé markaður gagnvart /mik(il)-/.

Lokaorð

- Til hamingju með afmælið! 🤘 🎉🎉🎉🎉